

## T I L L A G A

**að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um fasteignir Þjóðkirkjunnar nr. 8/2022-2023.**  
(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flm: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Auður Thorberg Jónasdóttir, Áslaug I. Kristjánsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Einar Örn Björgvinsson, Konráð Gylfason, Ólafur Gestur Rafnsson, Óskar Magnússon, Stefán Magnússon.

Frsm. Stefán Magnússon.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Lagðir skulu til embættisbústaðir fyrir vígslubiskupa í umdæmum hvors um sig, annars vegar á Hólum og hins vegar í Skálholti, nema um annað sé samið.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð:

Á haustþingi 2023-2024 var lögð fram tillaga um að ekki skyldi eftirleiðis lagður til embættisbústaður fyrir biskup Íslands. Tillagan þótti óskýr og fékk ekki framgang. Málið er nú lagt fram aftur með nánari útskýringum.

Í núverandi 2. málsgr. 7. gr starfsreglna um fasteignir Þjóðkirkjunnar nr. 8/2022-2023 segir:

„Þá skal lagður til embættisbústaður fyrir biskup Íslands og biskupssetur fyrir vígslubiskupa í umdæmum hvors um sig, annars vegar á Hólum og hins vegar í Skálholti, nema um annað sé samið.“

Til að ná fram markmiði starfsreglubreytinganna um að **ekki skuli lagður til embættisbústaður fyrir biskup Íslands** þá þarf umrædd 2. málsgr. 7.gr. að orðast sem hér segir:

„Lagðir skulu til embættisbústaðir fyrir vígslubiskupa í umdæmum hvors um sig, annars vegar á Hólum og hins vegar í Skálholti, nema um annað sé samið.“

Hér er búið að taka embættisbústað biskups Íslands út úr starfsreglunum og eftir standa biskupssetur vígslubiskupana á Hólum og í Skálholti sem þessi tillaga að breytingum á starfsreglum nær ekki til.

Flutningsmenn tillögu þessarar telja rétt að leggja af embættisbústað biskups Íslands. Engin sjáanleg rök eru fyrir því að Þjóðkirkjan útvegi biskupi Íslands íbúðarhúsnæði í borginni frekar en öðrum vígðum þjónum á höfuðborgarsvæðinu. Kirkjan hefur á liðnum árum verið að losa sig við prestsbústaði víða um land ekki síst þar sem telja má að virkur fasteignamarkaður sé, bæði vegna mikils viðhalds og rekstrarkostnaðar. Það er því ekki í takti við þá stefnu að leggja til bústað fyrir biskup í Reykjavík. Varlega áætlað gæti kostnaður við kaup á húsnæði fyrir biskup numið frá 200 millj. kr. Það má því áætla að kostnaður við kaup og rekstur slíks húsnæðis gæti verið á við kostnað nokkurra prestsbústaða á landsbyggðinni. Embættisbústaður biskups hefur einnig þjónað sem móttökurými fyrir móttökur biskups af ýmsu tagi. Til að koma til móts við þörf fyrir móttökuaðstöðu er eðlilegt að framkvæmdastjóri rekstrarstofu þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar og embætti biskups finni hentugt húsnæði sem leigja má þegar þörf er á, hvort heldur það húsnæði sé í safnaðarheimilum á höfuðborgarsvæðinu eða annað viðeigandi húsnæði.